

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Patreksfirði



<b>Dags eftirlits</b>	3.5.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristján Vigfússon	<b>Staðsetning</b>	269447,152 575484,402

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Komið var í olíubirgðastöðina og sest yfir mælingar og skráningar með Kristjáni stöðvarstjóra. Farið var yfir skráningar í rekstrarhandbók. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Skráningar í rekstrarhandbók og á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli olíuskilju var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst frárennslið það próf.

Allir fimm geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2008.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja. Tekið var á loka í frárennsli þróar og reyndust hann standa lokaður eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað.

Lekið hafði úr tunnu með úrgangolíu sem einhver rekstraraðili á Patreksfirði hefur skilið eftir utan við olíubirgðastöðina. Nú þegar þessi skýrsla er skrifuð hefur Olíudreifing látið fjarlægja olíumengaðan jarðveg undir tunnunni. Afgreiðsla þessa máls telst því lokið.

Hlið að stöðinni og girðingar voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 01.06.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.